

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-
varnarlaun til skipaðs verjanda síns, hæstaréttarlögmanns
Magnúsar Thorlacius, kr. 700.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. maí 1961.

Nr. 80/1961. **Ólafur Þorgrímsson**
gegn
Skipautgerð ríkisins.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómstólar.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, dags. 15. apríl 1961, sem hingað barst 26. s. m., hefur sóknaraðili skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að hann verði úr gildi felldur, málinu verði vísað frá sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Mál þetta á að visu undir bæjarþing Reykjavíkur, en þar sem dómara var rétt að dæma það með samdómendum og ákvæðum laga um sáttaumleitanir var fullnægt, verður málinu eigi vísað frá dómi, þótt dómstóllinn nefnist sjó- og verzlunardómur. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 11. apríl 1961.

Mál þetta hefur Skipautgerð ríkisins, hér í bæ, höfðað fyrir

sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 19. apríl 1960, gegn Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni hér í bænnum.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 103.940.63 auk 6% ársvaxta frá 13. apríl 1960 til greiðsludags, en *til vara*, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 79.612. 48 auk 6% ársvaxta frá 13. apríl 1960 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins, hvort sem aðalkrafa hans eða varakrafa yrði tekin til greina.

Stefndi hefur krafizt þess *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi. *Til vara* krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnanda og *til þrautavara* stórlegrar lækkunar á stefnukröfunum. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins, hvernig sem málið fer.

Hinn 24. marz s.l. var málið flutt munnlega um frávísunarkröfu stefnda. Hefur stefnandi krafizt þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnda í þessum þætti málsins.

Að málflutningi loknum, var málið tekið til úrskurðar eða dóms.

Málavextir eru þeir í stórum dráttum, að á árinu 1942 réð ráðherra sá, sem á þeim tíma fór með málefni stefnanda, stefnda til þess að annast lögfræðistörf fyrir útgerðina, þar á meðal málflutning. Gilti ráðning stefnda til fimm ára, og annaðist stefndi störf þessi svo sem ráðningarbréf hans sagði til um. Telur stefnandi, að stefndi hafi í sex tilteknum dómsmálum, er hann hafi flutt vegna útgerðarinnar, ofreiknað sér málflutningslaun um samtals kr. 64.343.64 og tekið greiðslu á fé þessu undir sjálfum sér. Þá telur stefnandi, að stefndi hafi látið fyrnast í höndum sér sjóveðréttarkröfu vegna hjálpar við m/b Sæfinn og nemi tjón sitt af þessum sökum, þegar frá hafi verið dregin málflutningslaun stefnda, kr. 18.930.00. Hefur stefnandi nánar sundurliðað dómkröfur sínar í málinu svo:

1. Ofreiknuð málflutningslaun	kr. 64.343.64
2. Vextir af þessari fjárhæð til 30/9 1952	— 12.268.84
3. Bótakrafa vegna m/b Sæfins	— 18.930.00
4. Vextir af þeirri kröfu til 30/9 1952	— 5.398.15

Samtals kr. 103.940.63

Með stefnu, útgefinni 2. febrúar 1954 og birtri 13. apríl 1955,

höfðaði stefnandi mál hér fyrir sjó- og verzlunardómi á hendur stefnda út af sömu kröfunni og stefnandi hefur nú uppi. Var mál þetta höfðað og rekið fyrir sjó- og verzlunardóminum með samþykki stefnda. Málinu lauk með dómi Hæstaréttar frá 30. október 1959 og með þeim úrslitum, að dómur sjó- og verzlunardóms og málsmeðferð í héraði voru dæmd ómerk og málinu í heild vísað frá héraðsdómi. Var þessi niðurstaða Hæstaréttar reist á göllum á máltilbúnaði og rekstri málsins í héraði af hálfu stefnanda.

Frávísunarkröfuna reisir stefndi á því, að samþykki það, sem hann gaf, til rekstrar hins fyrra máls fyrir sjó- og verzlunardómi taki ekki til rekstrar máls þessa fyrir þeim dómi. Samþykkið hafi fallið úr gildi, um leið og fyrra málinu lauk, og þar sem málsefnið heyri eftir eðli sínu undir almennan héraðsdóm, þá sé málið nú skakkt höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi.

Þá dregur stefndi í efa, að aðiljum sé heimilt að semja svo um, að mál, sem sæta á meðferð almenns héraðsdóms, skuli rekið fyrir sjó- og verzlunardómi. Bendir hann í þessu sambandi á ákvæði 3. málsg. 200. gr. laga nr. 85 frá 1936, þar sem segir, að aðiljar einkamáls geti samið svo um, að mál samkvæmt greininni skuli sæta meðferð almenns héraðsdóms. Telur stefndi, að það liggi nærri að gagnálykta megi frá ákvæði þessu.

Stefnandi reisir mótmæli sín gegn frávísunarkröfu stefnda í fyrsta lagi á því, að samþykki stefnda til rekstrar hins fyrra máls fyrir sjó- og verzlunardómi gildi einnig um höfðun og rekstur máls þessa fyrir þeim dómi. Málsefnið í báðum málunum sé hið sama, upphaflegt samþykki stefnda hafi verið skilyrðislaust, það hafi ekki verið afturkallað, og telur stefnandi sig því hafa mátt treysta því, er hann höfðaði og hóf rekstur máls þessa, að samþykki stefnda væri enn í fullu gildi.

Í öðru lagi reisir stefnandi mótmæli sín gegn frávísunarkröfunni á því, að „málið í sjálfu sér heyri undir meðferð fyrir sjó- og verzlunardómi vegna þeirra viðskipta, sem fram hafa farið milli málsaðilja“. Bendir stefnandi einnig á þessu til stuðnings, að báðir aðiljarnir séu bókhaldsskyldir. Hvort tveggja umræddra mála er höfðað út af sama málsefninu, og eigi er annað fram komið en hið upphaflega samþykki stefnda á því, að mál út af ágreiningi aðiljanna um málsefnið væri rekið fyrir sjó- og verzlunardómi, hafi verið skilyrðislaust. Þá verður ekki séð, að stefndi hafi afturkallað þetta samþykki sitt fyrr en þá í greinargerð sinni, þar sem hann krefst frávísunar málsins, en greinargerð

Þessi er lögð fram á dómþingi 1. október 1960, eða rúmlega fimm mánuðum eftir þingfestingu máls þessa. Hafði stefnandi því réttmæta ástæðu til að treysta því, þegar hann höfðaði mál þetta, að samþykki stefnda til þess að ágreiningsefnið væri rekið fyrir sjó- og verzlunardómi stæði enn í fullu gildi. Við þetta bætist, að nærri liggur að líta svo á, að stefndi hafi með rúmlega 5 mánaða aðgerðaleyssi, eftir að málinu hafði verið stefnt fyrir þenna dóm, samþykkt á ný, að málið væri rekið fyrir dómnum. Og að því er varðar gildi samþykkis stefnda í þessu efni, þá er það álit dómsins, að ekki verði gagnályktað frá ákvæði 3. málsg. 200. gr. fyrrgreindra laga á þá leið, að aðiljar einkamáls geti ekki samið svo um, að mál, sem sæta á meðferð almenns héraðsdóms, skuli rekið fyrir sjó- og verzlunardómi, enda sé um að ræða mál viðskiptalegs eðlis. Þá athugast, að enda þótt ekki verði fallizt á þá skoðun stefnanda, að mál þetta heyri beint undir sjó- og verzlunardóm, þá er málið þannig vaxið, að eðlilegt er, að samdómendur séu kvaddir til við úrlausn þess.

Að því athuguðu, sem hér að framan er rakið, verður frávisunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Ákvörðun um greiðslu málskostnaðar vegna þessa þáttar málsins verður tekin við væntanlegan efnisdóm í því.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna ásamt samdómendunum dr. Jóhannesi Nordal bankastjóra og Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni.

Ályktun:

Frávisunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.
